


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	ENS 9S36	
Síða 1 af 2	Kennsluáætlun (Haust 2014)	

Kennari	Harpa Jörundardóttir	Sk.st.	HJD
----------------	----------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Farið er í námstækni greinarinnar og nemendum kennt að nota orðabók. Lögð verður áhersla á að nemendur tileinki sér hagnýtan orðaforða til daglegra samskipta. Minni rækt er lögð við hefðbundna málfræðikennslu. Meiri áhersla er hins vegar lögð á allskonar orðaforðaæfingar, ritunarverkefni og hlustun. Mikið er lagt upp úr virkri þátttöku nemenda í kennslustundum.

Markmið:


Markmið áfangans er að hjálpa nemendum að byggja ofan á þá kunnáttu sem þeir hafa við upphaf áfangans og aðstoða þá við að öðlast færni og sjálfstraust í meðferð tungumálsins.

Námsgögn:

Allt námsefni kemur frá kennara. Stuttar smásögur, fjölrítaðar glósur, orðabækur, (tölvuorðabækur), kvikmyndir. Komi til þess að kennsluumhverfið Moodle verði notað verður það kynnt nemendum sérstaklega.

Áætlun um yfirferð:

Vika 35-38	Nemendur og kennari kynnast staða hvers nemanda metin. Lestur á styttri textum studdum með myndefni og ýmis verkefni. Stutt ritunarverkefni ásamt smáverkefnum sem tengjast lestextum. Horft á kvikmynd og verkefni henni tengd unnin í tímum.
Vika 39-40	Lesið verður a.m.k. eitt leikrit og það skoðað út frá efni og uppbyggingu. Leikritið verður einnig leiklesið sé fyrir því áhugi hjá nemendum ef ekki þá verða unnin annarskonar verkefni tengt leikritinu.
Vika 41 – 43	Lögð verður áhersla á hlustun og unnin fjölbreytileg verkefni tengd því sem hlustað er á. Lesnir verða stuttir textar tengdir Halloween, unnin verkefni og orðaforði styrktur. Horft á kvikmynd sem tengist Halloween og verkefni unnin út frá henni sem reyna á skilning nemenda á því sem fyrir augu og eyru bar.
Vika 44 – 49	Unnið með smásögu, ljóð eða annan sambærilegan texta. Lesnir verða stuttir textar tengdir Thanksgiving, unnin verkefni og orðaforði styrktur. Unnið með rétttritun og mismunandi merkingu orða sem hljóma eins en eru stafsett á mismunandi hátt.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	ENS 9S36 Kennsluáætlun (Haust 2014)	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2		

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Vægi
Vinnueinkunn (þátttaka í tímum og virkni)	25%
Ritunarverkefni	10%
Hlustunarverkefni	10%
Kvikmyndaverkefni	25%
Ritun - saga	6%
Lesskilningur	5%
Leikrit / lengri smásaga	15%
Setningaskipan	4%

Áfanginn er án lokaprófs og er ætlað að meta stöðu nemandans með það að leiðarljósi að fundin verði námsleið innan skólans sem talin er henta hverjum og einum og verði nemandanum því til framdráttar í áframhaldandi enskunámi.

Dagsetning: 19. nóvember 2014

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils